

Rannsóknastefna VIRK

TILGANGUR

Rannsóknastefna VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs tekur mið af hlutverki og markmiðum hans. Hlutverk VIRK er að móta, samþætta og hafa eftirlit með þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem miðar markvisst að atvinnuþátttöku einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa.

Rannsóknastefna VIRK stuðlar að því að VIRK vinni markvisst að því rannsóknarhlutverki sem skilgreint er í skipulagsskrá VIRK og í lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Þar er VIRK heimilt að styrkja og stuðla með öðrum hætti að rannsóknnum, þróun og uppbyggingu í atvinnutengdri starfsendurhæfingu, einn og sér eða í samstarfi við aðra aðila. Einnig styður rannsóknastefnan markvisst við þær faglegu áherslur sem í gildi eru á hverjum tíma hjá VIRK.

MARKMIÐ

- Að miðla gagnreyndri þekkingu um starfsendurhæfingu og stuðla að samþættingu innan velferðarkerfisins
- Að hvetja til rannsókna- og þróunarstarfsemi sem stuðlar að uppbyggingu á faglegri þekkingu og reynslu í starfsendurhæfingu á Íslandi
- Að starfsemi sjóðsins leiði til þróunar árangursríkra starfsendurhæfingarúrræða og hagnýtri notkun þeirra
- Að stuðla að rannsóknnum á sviði starfsendurhæfingar í samvinnu við hæfa vísindamenn, háskóla og rannsóknastofnarnir
- Að afla nýrrar þekkingar á sviði starfsendurhæfingar
- Að vera virt þekkingarsetur og þátttakandi í rannsóknnum og þróun á sviði starfsendurhæfingar á Íslandi

ÁBYRGÐ

- Rannsóknarstefna VIRK var samþykkt af stjórn VIRK 19. febrúar 2014
- Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á rannsóknarstefnu VIRK
- Umsjónarmaður rannsókna ber ábyrgð á innleiðingu rannsóknarstefnu VIRK
- Starfsmönnum VIRK ber að fylgja rannsóknarstefnunni

Reykjavík, 19. febrúar, 2014

Framkvæmdastjóri VIRK